



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - KV

2. deild karla

Eskjuvöllur

12. ágúst 2017


EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



Síldarvinnslan hf



HÚSASMÍÐJAN



TOYOTA



LANDSBANKINN
HÓTEL CAPITANO
SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR
TM
OLÍS
PVOTTABJÖRN
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
BÍLALEIGA AKUREYRAR
ORKUSALAN
LAUNAFL
AUSTFJARÐALEIÐ
ÍSLANDBANKI
EFLA, VERKFRÆÐISTOFA
KAFFIHÚS ESKIFJARÐAR
ICELANDAIR
VÍS
SAMHENTIR, UMBÚÐALAUSNIR
SALTKAUP
SJÓVÁ
FISKMIÐ
EIMSKIP
EGERSUND
ARION BANKI
VHE
GP SÓNAR
SAMSKIP
BRAMMER
RARIK
GESKUR

FJARÐABYGGÐ - KV

Góðan og blessaðan og velkomin á völlinn eftir vel heppnað Neistaflug. Gestir okkar í dag koma frá Reykjavík og eru eflaust enn að jafna sig eftir síðustu helgi. KV er í bullandi fallbaráttu og tapaði 0-3 fyrir Víði í síðustu umferð. Liðið er með næst slökustu vörn deildarinnar og hefur meðbyrinn sem KV hafði á samfélagsmiðlum fyrir nokkrum árum horfið. En ekki má vanmeta andstæðinginn og þurfa okkar menn að hafa hausinn í lagi í dag.

Eftir góðan kafla hafa okkar menn tapað tveimur leikjum í röð, gegn Víði og Njarðvík. Leikurinn í dag er því kjörinn til að komast aftur á beinu brautina. Alcoa dagur í dag og ættu áhorfendur að geta notað krafta sína til að hvetja liðið eftir góða sundferð og pulsu í maga.

Í næsta leik leika Fjarðabyggð síðan gegn Aftureldingu í Mosfellsbæ og skorum við á Fjarðabyggðarfólk fyrir sunnan að fjölmenna!

Áfram Fjarðabyggð!

Fjarðabyggð

- Milos Peric
- Sveinn Fannar Sæmundsson
- Nikola Kristinn Stojanovic
- Milos Vasiljevic
- Loic Cédric Mbang Ondo
- Stefán Þór Eysteinnsson
- Marteinn Þór Pálmason
- Jóhann Ragnar Benediktsson
- Hlynur Bjarnason
- Haraldur Bergvinsson
- Adam Örn Guðmundsson
- Þorvaldur Marteinn Jónsson
- Víkingur Pálmason
- Georgi Karaneychev
- Anton Bragi Jónsson
- Filip Sakaluk
- Pálmi Þór Jónasson
- Zoran Vujovic
- Aron Gauti Magnússon
- Mikael Natan Róbertsson
- Enrique Ramirez Rivas
- Hafsteinn Gísli Valdimarsson
- Pálmi Þór Jónasson
- Sævar Örn Harðarson

Þjálfari: Dragan Stojanovic

KV

- Theodór Árni Mathiesen (M)
- Halldór Bogason
- Steinar Ísaksson
- Jonatan Aaron Belányi
- Einar Bjarni Ómarsson
- Enok Ingbórsson
- Júlí Karlsson
- Gunnar Helgi Steindórsson
- Guðmundur Pétur Sigurðsson
- Auðunn Örn Gylfason (F)
- Jón Kári Ívarsson

Varamenn

- Stefán Hirst Friðriksson (M)
- Ólafur Frímann Kristjánsson
- Einar Már Þórisson
- Garðar Ingi Leifsson
- Snorri Páll Sigurðsson
- Björn Þorláksson
- Þorvaldur Sveinn Sveinsson

Þjálfari: Atli Jónasson

Miðað er við skýrslu síðasta leiks KV

VIÐTAL: SVEINN FANNAR SÆMUNDSSON


Upphafið í m.fl.? Ég var held 16 ára á 17 ári þegar ég spilaði minn fyrsta leik fyrir KFF. Skemmtileg saga sem fylgir því en á þessum tíma var KFF í fyrstu deild og ég í fyrsta skipti í hóp. Þetta var útileikur á móti Víkingi Reykjavík sem var spáð efsta sætinu. Helgi Sigurðsson var meðal annars að spila með þeim þá og það höfðu margir meiðst á undirbúningstímabilinu hjá okkur. Heimur tilkynnti byrjunarliðið inni í klefa og nefndi nafn mitt í hægri bakvörðinn. Ég viðurkenni að hugmyndin um að hlaupa út af leikvangnum kom upp, annars töpuðum við 2-1. Á þessum árum voru Jói Ben og Grétar Ómars menn sem maður þorði ekki mikið að horfa í augun á. Maður lærði það fljótlega að þeir hikuðu ekkert við það að láta mann heyra það eða sparka svolítið í mann.



Hver var þjálfarinn og hvernig gekk? Heimur var þjálfari þá og við féllum en þetta tímabil var fíranlega erfitt á hópinn. Hef aldrei séð jafnmörg meiðsli og á einu tímabili og ef það er ekki nóg þá greindist einn í hópnum með krabbamein. Já, maður hefur lifað tímanna tvenna skal ég segja þér.

Besti leikmaður sem þú hefur spilað með? Þetta er nú frekar erfið spurning og ég þarf eiginlega að skipta henni í nokkra liði. Grétar Ómars er líklega besti fótboltamaðurinn sem ég hef æft með, hann labbaði framhjá mönnum hægri vinstri nokkuð auðveldlega. Annars er Jói Ben líklega með bestu löppina af þeim sem ég hef spilað með. Hinum megin við göng höfum við Stefán THOR Eysteinnsson sem er besti alhliða íþróttamaður sem ég hef spilað fótbolta með og Rajko sem besta GK. Versti er líklega Pétur Aron.

Eftirminnilegasti leikur á ferlinum? Þetta er líklega ekki sá eftirminnilegasti en eitt af því fyndnara sem ég hef séð á velli. Þetta gerist á útivelli á móti Tindastól/Hvöt, frekar leiðinlegt veður þarna, vindur og rigning. Fannar Árnason dettur með hendurnar ofan í poll í leiknum og er grenjandi yfir því við Heimi Þorsteins að hanskarir hans séu orðnir blautir og að honum sé kalt. Fannar litli var orðinn svo þreyttur á ástandinu að hann skorar sigurmarkið og lætur svo reka sig útaf.



Skemmtilegasta tímabil? Það er annaðhvort sumarið 2014 þegar við rúllum upp annarri deildinni eða tímabilið eftir það, þegar við vorum í 2. sæti eftir hálfmót. 2014 tekur líklega vinninginn því við unnum ekkert sérstaklega marga leiki seinni hluta móts 2015.

Hvernig finnst þér sumarið hafa gengið hingað til? Þetta hefur því miður ekki verið nógu gott. Við byrjuðum á því að grafa okkur ofan í einhverja helvítis holu sem við gátum ekki komist upp úr. Sem betur fer lítur þetta betur út núna en fyrir nokkrum umferðum og við getum komist úr fallsæti ef við bara spilum eins og menn. Það hefur vantað hjá okkur því miður en núna þurfum við að hysja upp um okkur buxurnar og koma okkur úr þessari stöðu.

Hvað þarf að gera til að Fjarðabyggð geti tekið næstu skref sem félag? Mér finnst það ávallt erfitt að heyra hversu fáir strákar eru að æfa saman á veturna hérna fyrir austan. Lið eins og við, Höttur, Huginn og Leiknir erum ekki að æfa með allan hópinn fyrr en skólinn er búinn fyrir sunnan sem er ekki fyrr en eftir að tímabilið er hafið. Þetta er því miður vandamál sem flest landsbyggðarlið eru í basli með. Ég veit ekki hvernig væri hægt að leysa úr því nákvæmlega eða hvort það sé yfir höfuð hægt, en maður er allavega bjartsýnn á að það gerist einhverntímann.

Eitthvað að lokum: P.S. þá á eiginkona mín hún Margrét, afmæli í dag (12.08), endilega óskið henni til hamingju og gefið henni léttan rembingskoss. Áfram KFF!
